

Gjaldeyrisskipti án skráningar

Fjármálaeftirlitið tók til skoðunar starfsemi MD Reykjavík ehf., sem rekur What's On að Laugavegi 5, með hliðsjón af því hvort að þar væri starfrækt gjaldeyrisskiptastöð sem væri skráningarskyld hjá stofnuninni í samræmi við 1. mgr. 25. gr. a laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Gjaldeyrisskiptastöð er skilgreind sem starfsemi þar sem í atvinnuskyni fara fram kaup og sala innlends og erlends gjaldeyris, sbr. 7. töluliður 1. mgr. 3. gr. laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Samkvæmt upplýsingum frá What's On hafði félagið skipt gjaldeyri fyrir aðila í atvinnuskyni á tímabilinu janúar til mars 2018, þ.e. um var að ræða gjaldeyrisskipti óháð kaupum viðskiptavina á vörum og þjónustu. Fram kom að gjaldeyrisskiptastarfsemi félagsins hafi ekki verið umfangsmikil.

Með hliðsjón af framangreindu var það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að What's On hafi stundað gjaldeyrisskiptastarfsemi án skráningar og þannig brotið gegn skráningarskyldu 1. mgr. 25. gr. a laga nr. 64/2006.